

Nd.

776. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til tollalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJóh).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Tollyfirvald: Ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar“ komi: Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæslustjóri við embætti tollstjóra í Reykjavík.
2. Við 28. gr. Í stað orðanna „ríkistollstjóra og tollgæslustjóra“ í 2.–4. mgr. komi: viðkomandi tollstjóra.
3. Við 29. gr.
 - a. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. Í stað „Tollgæslustjóri“ í 3. másl. 1. mgr. komi: Tollstjóri.
4. Við 30. gr. Í stað orðanna „ríkistollstjóri, tollgæslustjóri og tollstjórar“ í 1. másl. komi: tollstjórar og tollgæslustjóri.
5. Við 31. gr.
 - a. Síðustu tveir málsliðirnir falli brott.
 - b. Fyrirsögn á undan greininni orðist svo: *Tollstjórar og tollgæslustjóri.*
6. Við 32. gr. Greinin falli brott.
7. Við 34. gr. Greinin falli brott.
8. Við 36. gr. Í stað orðanna „yfirstjórn tollgæslustjóra“ í 4. mgr. komi: stjórn viðkomandi tollstjóra.
9. Við 47. gr. Í stað „Tollgæslustjóri“ í 2. mgr. komi: Ráðherra.
10. Við 64. gr. Orðin „og tollgæslustjóra“ í 2. mgr. og „og tollgæslustjóri“ í 6. mgr. falli brott.
11. Við 65. gr. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í síðari málslið falli brott.
12. Við 70 gr. Í stað „Ríkistollstjóri“ í 1. másl. komi: Ráðherra.
13. Við 100. gr. Í stað orðsins „Ríkistollstjóra“ í síðasta málslið komi: Fjármálaráðuneytinu.
14. Við 101. gr. Í stað „ríkistollstjóra“ í 3. mgr. komi: fjármálaráðuneytinu, og í stað „Ríkistollstjóri“ í 4. mgr. komi: Yfirmaður tollamála í fjármálaráðuneytinu.
15. Í stað „Fjármálaráðherra“ í 1. mgr. 109. gr. komi: Ráðherra.
16. 142. gr. orðist svo:

Tollyfirvaldi er heimilt, í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að taka vöru eða sýnishorn til tollskoðunar. Halda má eftir verðlitlum sýnishornum.

Innflytjandi, sem óskar eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru, skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til fjármálaráðuneytisins. Erindi skulu fylgja nauðsynleg gögn, svo sem teikning, mynd eða vörulýsing og sýnishorn verði því við komið.